



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar HÍ um gönguljós við Hringbraut

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2023 var svohljóðandi tillaga umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands lögð fram og vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar:

Við í Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands óskum eftir því að sú ákvörðun að sleppa því að setja upp gönguljós á gatnamótum Hringbrautar og Sæmundargötu verði endurskoðuð. Á grasinu sem aðgreinir akreinar Hringbrautar er niðurtroðin leið sem verður afar drullug þegar veður er vont. Þetta er stytting sem gangandi vegfarendur nýta sér óspart. Í öllum veðrum og á öllum tímum sólarhrings hleypur fólk þarna yfir þessa miklu umferðargötu og vonast til að verða ekki fyrir bíl. Þú spyrð þig kannski hvers vegna fólk gangi ekki bara upp að næstu gönguljósum (við gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu) eða niður að göngubrúnni við Njarðargötu. Við því er ekki til einfalt svar en raunin er sú að gangandi vegfarendur leitast alltaf við að stytta sér leið.

Í frétt Morgunblaðsins frá árinu 2013 er staðfest að framkvæmdir við ljósastryð gönguljós yfir Hringbraut á móts við Sæmundargötu séu hafnar. Við veltum því fyrir okkur hvers vegna þessum framkvæmdum hafi verið hætt áður en þeim var lokið?

Við teljum að gönguljós á gatnamótum Sæmundargötu og Hringbrautar væru mikil bót fyrir gangandi vegfarendur og myndu þar að auki tengja miðbæ Reykjavíkur enn betur við háskólasvæðið ásamt því að tryggja gott flæði þarna á milli. Við teljum að það að bæta við gönguljósum á þessum stað muni ekki hafa teljandi áhrif á bílaumferð á svæðinu og að þær aukasekúndur sem bílstjórar þurfi að stansa muni skila sér margfalt í ánægju og öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Fólk mun ekki hætta að hlaupa yfir götuna og skáskjóta sér milli bíla en þið hafið tækifærið til að auka öryggi þeirra, við í umhverfis og samgöngunefnd hvetjum ykkur til að nýta það.

Umsögn:

Árið 2013 var tekin ákvörðun, í samráði við Vegagerðina, sem einnig ætlaði að taka þátt í kostnaði við framkvæmdina, að gera ljósastryð gönguljós yfir Hringbraut á móts við Sæmundargötu. Gönguljósin áttu að vera í beinu framhaldi af hjólreiðastíg sem hafði verið ákveðið að leggja eftir Sæmundargötu. Í kjölfar þess að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setti sig upp á móti framkvæmdunum ákvað þáverandi meirihluti að falla frá heimild til framkvæmdanna.



Reykjavíkurborg

Í dag stendur ekkert í vegi fyrir því að hefja að nýju viðræður við Vegagerðina og lögreglu um gerð göngupverunar yfir Hringbraut, móts við Sæmundargötu sé vilji til að snúa frá fyrri ákvörðun um að falla frá framkvæmdum á þessum stað og leggja í framkvæmdina fjármagn. Í kjölfar slíkrar ákvörðunar yrði fyrri hönnun yfirfarin m.t.t. mögulegra breyttra forsenda og skipulags og kostnaðaráætlun gerð.

Vegagerðin hefur veitt umsögn um tillöguna og er hún hjálögð.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt:

Bréf umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands, ódags.

Minnisblað Vegagerðarinnar um ljósastýrða göngupverun yfir Hringbraut við Sæmundargötu dags. 27. mars. 2024

Til þess er málið varðar,

við í Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands óskum eftir því að sú ákvörðun að sleppa því að setja upp gönguljós á gatnamótum Hringbrautar og Sæmundargötu verði endurskoðuð. Á grasinu sem aðgreinir akreinar Hringbrautar er niðurtroðin leið sem verður afar drullug þegar veður er vont. Þetta er stytting sem gangandi vegfarendur nýta sér óspart. Í öllum veðrum og á öllum tímum sólarhrings hleypur fólk þarna yfir þessa miklu umferðargötu og vonast til að verða ekki fyrir bíl. Þú spyrð þig kannski hvers vegna fólk gangi ekki bara upp að næstu gönguljósum (við gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu) eða niður að göngubrúnni við Njarðargötu. Við því er ekki til einfalt svar en raunin er sú að gangandi vegfarendur leitast alltaf við að stytta sér leið.

Í frétt Morgunblaðsins frá árinu 2013¹ er staðfest að framkvæmdir við ljósastýrð gönguljós yfir Hringbraut á mótis við Sæmundargötu séu hafnar. Við veltum því fyrir okkur hvers vegna þessum framkvæmdum hafi verið hætt áður en þeim var lokið?

Við teljum að gönguljós á gatnamótum Sæmundargötu og Hringbrautar væru mikil bót fyrir gangandi vegfarendur og myndu þar að auki tengja miðbæ Reykjavíkur enn betur við háskólasvæðið ásamt því að tryggja gott flæði þarna á milli. Við teljum að það að bæta við gönguljósum á þessum stað muni ekki hafa teljandi áhrif á bílaumferð á svæðinu og að þær aukasekúndur sem bílstjórar þurfi að stansa muni skila sér margfalt í ánægju og öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Fólk mun ekki hætta að hlaupa yfir götuna og skáskjóta sér milli bíla en þið hafið tækifærið til að auka öryggi þeirra, við í umhverfis og samgöngunefnd hvetjum ykkur til að nýta það.

Með bestu kveðjum,

Dagmar Óladóttir

f.h. umhverfis- og samgöngunefndar

¹https://www.mbl.is/greinasafn/innskraning/?redirect=%2Fgreinasafn%2Fgrein%2F1480395%2F%3Ft%3D422588478&page_name=article&grein_id=1480395

Minnisblað

Ljósastýrð gönguþverun yfir Hringbraut við Sæmundargötu

Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur sent erindi á Reykjavíkurborg til að óska eftir að ákvörðun um að seta ekki upp ljósastýrða gönguþverun yfir Hringbraut við Sæmundargötu verði endurskoðuð. Í framhaldi af því hefur Reykjavíkurborg sent fyrirspurn til Vegagerðarinnar til að kanna afstöðu Vegagerðarinnar við að taka þessa vinnu upp aftur.

1. Bakgrunnur

Árið 2013 hóf Reykjavíkurborg vinnu við hönnun við ljósastýrða gönguþverun yfir Hringbraut við Sæmundargötu í nágrenni Háskóla Íslands. Vegagerðin studdi tillöguna á sínum tíma en Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setti sig upp á móti framkvæmdunum og því var fallið frá tillögunum.

2. Staðan í dag

Erindi hefur borist frá Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands þar sem óskað er eftir endurskoðun á uppsetningu gönguljósa á þessum stað.

Skoðun á svæðinu sýnir að gangandi vegfarendur eru greinilega að þvera Hringbraut við vinstri beygjuna inná Sæmundargötu. Grasið á miðdeilinum er nánast horfið og greinlegt er að leið hefur verið troðin þar.

3. Hringbraut

Norðan við hringtorgið Hringbraut/Suðurgata eru ljósastýrðar gönguþveranir með 100m til 200m millibili sem er eðlilegt í ljósi þess að íbúar þurfa að þvera Hringbraut til að sækja þjónustu og menntun. Ljósastýrð gönguþverun við Sæmundargötu væri um það bil 120m sunnan við þverunina sem við þjóðminjasafnið.

Sunnan við hringtorgið að gatnamótum Hringbrautar /Njarðargötu er íbúafjöldi minni en norðan hringtorgsins. Aftur á móti er Háskóli Íslands og stærri fyrirtæki staðsett öðrum megin Hringbrautar og miðbærinn hinum megin, og því sækja gangandi vegfarendur töluvert yfir Hringbraut á þessum kafla.

Leyfilegur hámarkshraði á Hringbraut frá Sæmundargötu til Ánanausta er 40 km/klst og er því talið að ljósastýrð gönguþverun sé öruggasti kosturinn.



4. Álit Vegagerðar

Það er álit Vegagerðarinnar að gönguþverun á Hringbraut við Sæmundargötu sé í samræmi við útfærslur gönguþverana norðan við hringtorgið og í ljósi umferðarhraða og -magns væri öruggara að hafa þverunina ljósastýrða.